

Nd.

620. Frumvarp til laga

[293. mál]

um breyting á lögum um grunnskóla, nr. 63/1974, með áorðnum breytingum samkv. V. kafla laga nr. 94/1975, um breytingar á lögum vegna nokkurra verkefna sveitarfélaga og kostnaðar við þau.

Flm.: Svava Jakobsdóttir, Bjarnfríður Leósdóttir, Eiður Guðnason, Ingvar Gíslason, Sighvatur Björgvinsson.

1. gr.

1. málsgr. 79. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður greiðir viðhaldskostnað húsa, viðhald og endurnýjun tækja og búnaðar og húsaleigu í sömu hlutföllum og stofnkostnaður er greiddur.

Úr 2. málsgr. 79. gr. falli niður lokaorðin: „Viðhald og endurnýjun bókasafna greiða sveitarfélög.“

2. gr.

2. málsgr. 80. gr. laganna orðist svo:

Hreinar tekjur af eignum skólanna greiðast í ríkissjóð í því hlutfalli sem stofnkostnaður er greiddur.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1981 og taka til viðhaldskostnaðar og leigutekna eftir þann tíma.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni menntamálaráðherra í tengslum við frumvarp til laga um framhaldsskóla sem Alþingi hefur nú til meðferðar.

Í því frumvarpi eru ákvæði varðandi kostnað á þann veg að hluti sveitarfélaga eykst nokkuð frá því sem verið hefur, eins og kemur fram í greinargerð þess. Í frekari athugun á þessum þætti, sem fram hefur farið í menntamálaráðuneytinu, og í athugun, sem framkvæmd var á vegum Sambands ísl. sveitarfélaga, hefur komið fram að kostnaðarauki sveitarfélaga af rekstri framhaldsskóla er áætlaður um 400—450 millj. kr. á ári miðað við verðlag á árinu 1979. Einnig má gera ráð fyrir einhverjum kostnaðarauka sveitarfélaga vegna stofnkostnaðar.

Tilgangur þess frumvarps, sem hér er flutt, er að bæta sveitarfélögum þá auknu greiðslubyrði sem að framan getur. Er það gert með þeim hætti að breyta þeim ákvæðum laga nr. 63/1974, um grunnskóla, er snerta viðhald og endurnýjun fasteigna og búnaðar í þá mynd sem þau höfðu fram til 1975, en þá var sú breyting gerð að sveitarfélög skyldu greiða þessa kostnaðarliði að fullu.

Auk þess sem að framan greinir er breyting þessi í samræmi við það að ákvæði laganna, eins og þau hafa verið frá 1975, hafa ekki reynst vel. Örðugleikum hefur valdið að gera skil á milli viðhalds og endurnýjunar annars vegar og endurbóta, breytinga og nýkaupa á búnaði hins vegar. Með þeirri breytingu, sem hér er lögð til, verður þáttur ríkissjóðs í öllum þessum liðum hinn sami og verður það til einföldunar. Samkvæmt rekstrarreikningum grunnskóla fyrir árið 1977 var viðhaldskostnaður skólanna um 735 millj. kr. Hluti ríkissjóðs skv. eldri lagaákvæðum og ákvæðum þessa frumvarps hefði orðið um 385 millj. kr., þ. e. helmingur viðhaldskostnaðarins, nema í heimavistarskólum þar sem hann er áætlaður 75%.

Sá kostnaðarauki sveitarfélaga af rekstri framhaldsskóla sem nefndur er hér að framan, 400—450 millj. kr., er miðaður við áætlað verðlag ársins 1979. Með þeim forsendum sem þar voru notaðar, er reiknað með rúmlega tvöföldun verðlags frá 1977 til 1979. Má því með sama hætti áætla að hluti ríkissjóðs í viðhaldskostnaði á árinu 1979 skv. ákvæðum frumvarpsins yrði um 770 millj. kr.

Gildistökuþíminn er miðaður við að frumvarp þetta taki gildi á sama tíma og ákvæði laga um framhaldsskóla að því er tekur til námsvistargjalda.